

Kirkjuþing 2020-2021.

26. mál-þskj. 26.

## T I L L A G A

**til þingsályktunar brottvísanir flóttafólks sem hefur fengið alþjóðlega vernd í öðru ríki.**

(Lagt fyrir 60. kirkjuþing 2020-2021).

Flutt af vígslubiskupi á Hólum.

Frsm. Solveig Lára Guðmundsdóttir.

Kirkjuþing 2020 hvetur íslensk stjórnvöld til hætta að vísa umsækjendum um alþjóðlega vernd úr landi án efnislegrar meðferðar hælisumsóknar, þótt þau hafi þegar hlotið hana á Ítalíu, í Grikklandi eða Ungverjalandi. Yfirvöld í þessum löndum virðast þess ekki umkomin að skapa þessu fólki mannsæmandi aðstæður og möguleika á að byggja sjálfum sér og börnum sínum örugga framtíð. Þjóðkirkjan hefur sérstakar áhyggjur af börnum í þessum hópi.

### Greinargerð.

Eins og kunnugt er eru aðstæður flóttafólks í nokkrum löndum Suður-Evrópu mjög mismunandi. Þangað kemur flóttafólk til Evrópu frá Miðausturlöndum og Afríku og því streyma ótal flóttamenn t.d. til Grikklands, Ítalíu og Ungverjlands.

Sem dæmi eru nú um 50.000 flóttamenn í Grikklandi sem hugsanlega munu dvelja þar til framtíðar samkvæmt upplýsingum frá International Rescue Committee (IRC) <sup>1</sup> en grísk stjórnvöld búast við 100.000 flóttamönnum til viðbótar á ný á ári 2019.<sup>2</sup> Þessi lönd hafa því fleiri flóttamenn en þau ráða við, hælisleitendur og fólk sem hlotið hefur landvistarleyfi sem geta hvorki fengið húsnæði né atvinnu og er því ófært um að fá grundvallarþörfum sínum uppfyllt. Af þessum ástæðum neyðist fólk til að flýja enn og aftur til nýs lands.

Móttaka flóttafólks á að fela í sér aðstoð varðandi húsnæði, menntun, heilsugæslu, atvinnu og svo framvegis, þ.e. að aðstoða manneskju til að lifa mannsæmandi lífi. Flóttamaður sem hefur fengið landvistarleyfi en er án húsnæðis, atvinnu og aðgengis að heilsugæslu er enn á flóttu í raun og veru.

Á árunum, 2018 og 2019 var 252 hælisleitendum vísað úr Íslandi vegna þess að þeir höfðu þegar fengið „vernd“ í öðru ríki samkvæmt upplýsingum frá Útlendingastofnun. Á meðal þeirra voru 39 konur og 84 börn.

Má koma því á framfæri að Ísland hefur undirritað Barnasáttmála Sameinuðu þjóðanna sem kveður á um að velferð barna eigi að vera í fyrirrúmi. Þess vegna krefjast margir Íslendingar þess að yfirvöld hætti að vísa börnum á flóttu til annarra landa.

<sup>1</sup> <https://www.rescue.org/country/greece>

<sup>2</sup> <https://www.dw.com/en/greece-expects-100000-more-migrants-in-2020/a-51716555>

Kirkjuþing 2020 ályktar að hvetja yfirvöld til að endurskoða núverandi kerfi um fólk á flóttu, sérstaklega að Alþingi endurskoði lagaumhverfi sitt svo að koma megi í veg fyrir að stjórnvöld geti vísað fólki á flóttu í þessum hópi úr landi án efnislegrar meðferðar á umsóknum þeirra um alþjóðlega vernd hér á landi.